Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis

Norðurlandi vestra, 23. október 2026

Efni: *Tillaga til þingsályktunar um skattfrádrátt vegna kostnaðar við ferðir til og frá vinnu, 186. mál á 158. löggjafarþingi*

Atvinnusvæði á landsbyggðinni hafa stækkað á undanförnum árum. Í dreifbýlum landshlutum er dagleg ferð um langan veg oft forsenda þess að fólk geti sótt vinnu, og fyrirtæki og stofnanir þurfa að geta ráðið starfsfólk úr nágrannabyggðarlögum.

Stjórn Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV) tekur undir tillöguna og hvetur til þess að hún verði samþykkt. Norðurland vestra er víðfeðmt og margir íbúar aka daglega milli byggðarlaga til vinnu, t.d. milli Hvammstanga, Blönduóss, Skagastrandar og Sauðárkróks. Almenningssamgöngur innan landshlutans eru takmarkaðar og nýtast ekki til daglegra ferða til og frá vinnu.

Stjórn SSNV tekur jafnframt undir það sjónarmið í greinargerð að með kílómetragjaldi aukist kostnaður þeirra sem aka langar vegalengdir daglega. Án mótvægisaðgerða leggst gjaldið hlutfallslega þyngst á íbúa dreifbýlis, sem hafa fáa aðra kosti en einkabílinn. Skattfrádráttur vegna ferðakostnaðar er því eðlileg mótvægisaðgerð, eins og tíðkast í nágrannalöndum.

Stjórn SSNV leggur áherslu á að við útfærslu reglnanna verði tekið mið af aðstæðum í dreifbýli, þ.e. vegalengdum, færð og aðgengi að almenningssamgöngum, og að reglurnar verði einfaldar í framkvæmd. Þá telur stjórnin mikilvægt að frumvarp verði lagt fram sem fyrst og ekki síðar en á haustþingi 2027, eins og tillagan gerir ráð fyrir.

Með samþykkt tillögunnar yrði stigið skref til að jafna stöðu landsmanna í skattkerfinu, styrkja atvinnusvæði á landsbyggðinni og auðvelda fyrirtækjum og stofnunum á Norðurlandi vestra að laða til sín starfsfólk.

F. h. stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra

Sveinbjörg Rut Pétursdóttir

Sveinbjörg Rut Pétursdóttir,
Framkvæmdastjóri

Höfðabraut 6, 530 Hvammstangi
ssnv@ssnv.is
Sími 419-4550
www.ssnv.is